

## REGLUGERÐ

### um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

###### 1. gr.

###### *Gildissvið.*

Í reglugerð þessari er kveðið á um þau gjöld sem sjúkratryggðir skulu greiða fyrir heilbrigðisþjónustu sem veitt er á heilsugæslustöðvum, sjúkrahúsum og fyrir heilbrigðisþjónustu sem veitt er hjá sjálfstætt starfandi sérfræðilæknum sem Sjúkratryggingar Íslands hafa samið við skv. IV. kafla laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, auk gjalds fyrir sjúkraflutninga.

Þjónustuveitendum, sbr. 1. mgr., er óheimilt að innheimta hærri eða önnur gjöld af sjúkratryggðum en kveðið er á um í reglugerð þessari og fylgiskjali með henni.

Sjúkratryggingar Íslands skulu kynna almenningi efni þessarar reglugerðar.

###### 2. gr.

###### *Fagleg samskipti heilsugæslulækna, heimilislækna og sérfræðilækna.*

Í samræmi við markmið um að tryggja fagleg samskipti milli heilsugæslulækna, heimilislækna og sérfræðilækna er gert ráð fyrir því sem meginreglu í reglugerð þessari að samskipti sjúklings og læknis hefjist hjá heilsugæslu- eða heimilislækni.

Sjúklingur sem kemur til sérfræðilæknis fyrir milligöngu heilsugæslu- eða heimilislæknis skal hafa meðferðis beiðni frá læknum. Sérfræðilæknirinn skal ávallt senda læknaþréf til heilsugæslu- eða heimilislæknis sjúklings, sbr. þó 4. mgr.

Komi sjúklingur til sérfræðilæknis án milligöngu heilsugæslu- eða heimilislæknis skal sérfræðilæknir ávallt senda heilsugæslu- eða heimilislækni sjúklingsins læknaþréf. Komi sjúklingur til sérfræðilæknis fyrir milligöngu annars sérfræðilæknis skal síðari sérfræðilæknirinn ávallt senda læknaþréf til heilsugæslu- eða heimilislæknis sjúklingsins og þess sérfræðilæknis sem hafði milligöngu um samskiptin, sbr. þó 4. mgr.

Sjúklingi er heimilt að óska þess við lækni að hann sendi ekki upplýsingar honum viðkomandi til annarra lækna. Þess skal þá getið í sjúkraskrá. Lækni er og skylt að útskýra fyrir sjúklingi ábyrgð þá sem þessu fylgir fyrir sjúklinginn sjálfan.

###### 3. gr.

###### *Hverjir eru sjúkratryggðir.*

Sjúkratryggður er sá sem er búsettur á Íslandi og hefur verið það a.m.k. síðustu sex mánuðina áður en bóta er óskað úr sjúkratryggingum að uppfylltum öðrum skilyrðum laga um sjúkratryggingar, nema annað leiði af milliríkjasamningum, sbr. 10. gr. laga um sjúkratryggingar. Með búsetu er átt við lögheimili í skilningi lögheimilislaga. Börn og unglingar yngri en 18 ára sem búsett eru hér á landi eru sjúkratryggð með foreldrum sínum. Sama á við um stjúpborn og fósturbörn. Að öðru leyti gilda um það hverjir teljist sjúkratryggðir hér á landi 10.-16. gr. laga um sjúkratryggingar.

Sjúkratryggingar Íslands ákvarða hvort einstaklingur telst sjúkratryggður.

#### II. KAFLI

##### Heilsugæsla.

###### 4. gr.

###### *Komugjöld á dagvinnutíma.*

Fyrir komu á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis á dagvinnutíma skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir almennt, kr. 1.000.
2. Aldraðir 67 til og með 69 ára, sbr. þó 3. tl. svo og sjómenn 60 til og með 69 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, sbr. 3. og 4. mgr. 17. gr. laga um almannatryggingar, kr. 800.

3. Aldraðir 70 ára og eldri, öryrkjar, aldraðir 67 til og með 69 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, kr. 500.
4. Börn yngri en 18 ára og börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna greiða ekkert gjald.

Undanþegnar gjaldskyldu eru komur vegna mæðra- og ungbarnaverndar, heilsugæsla í skólum og unglíngamóttaka í heilsugæslu sem veitir ráðgjöf og fræðslu um forvarnir. Með mæðra- og ungbarnavernd er átt við mæðra- og ungbarnavernd eins og hún er skilgreind í leiðbeiningum landlæknis um meðgönguvernd og um heilsuvernd barna (ung- og smábarnavernd).

Gjöld samkvæmt þessari grein renna til reksturs heilsugæslustöðvar eða stofureksturs heimilislæknis.

#### 5. gr.

##### *Komugjöld utan dagvinnutíma.*

Fyrir komu á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis utan dagvinnutíma, þ.e. milli kl. 16.00 og 08.00 og á laugardögum og helgidögum, skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir almennt, kr. 2.600.
2. Aldraðir 67 ára til og með 69 ára, sbr. þó 3. tl. svo og sjómenn 60 ára til og með 69 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, sbr. 3. og 4. tl. 17. gr. laga um almannatryggingar, kr. 2.080.
3. Aldraðir 70 ára og eldri, öryrkjar, aldraðir 67 til og með 69 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, kr. 1.300.
4. Börn yngri en 18 ára og börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna greiða ekkert gjald.

Hafi læknir sjálfur valið að sinna læknisstarfi utan dagvinnutíma skal greitt samkvæmt 4. gr.

Gjöld samkvæmt þessari grein renna til reksturs heilsugæslustöðvar eða stofureksturs heimilislæknis.

#### 6. gr.

##### *Gjöld vegna vitjana lækna.*

Fyrir vitjun læknis á dagvinnutíma skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir almennt, kr. 2.800.
2. Aldraðir 67 til og með 69 ára, sbr. þó 3. tl., svo og sjómenn 60 ára til og með 69 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, sbr. 3. og 4. mgr. 17. gr. laga um almannatryggingar, kr. 2.200.
3. Aldraðir 70 ára og eldri, öryrkjar, aldraðir 67 til og með 69 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, kr. 1.400.
4. Börn yngri en 18 ára og börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna, greiða ekkert gjald.

Fyrir vitjun læknis utan dagvinnutíma skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir almennt, kr. 3.800.
2. Aldraðir 67 til og með 69 ára, sbr. þó 3. tl. svo og sjómenn 60 til og með 69 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, sbr. 3. og 4. mgr. 17. gr. laga um almannatryggingar, kr. 3.200.
3. Aldraðir 70 ára og eldri, öryrkjar, aldraðir 67 til og með 69 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, kr. 1.850.
4. Börn yngri en 18 ára og börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna, greiða ekkert gjald.

Með vitjun samkvæmt þessari grein er átt við þjónustu læknis utan heilsugæslustöðvar.

Hafi læknir sjálfur valið að sinna vitjun utan dagvinnutíma skal greiða vitjanagjald dagvinnutíma skv. 1. mgr.

Vitjanagjald greiðist lækni og dregst frá sammingsbundinni þóknun hans fyrir vitjanir.

## 7. gr.

*Gjöld fyrir aðra þjónustu.*

Sjúkratryggðir skulu greiða fyrir bólusetningar á heilsugæslustöð (hvern skammt) sem hér segir:

1. Blóðmauraheilabólga (J07BA01), kr. 5.500.
2. Meningókokkar (J07AH)
  - a. fjörgilt fjölsykrubóluefni (J07AH04), kr. 5.600.
  - b. próteintengt fjölsykrungabóluefni gegn stofni C (J07AH07, 18 ára og eldri), kr. 5.600.
3. Hlaupabóla (J07BK01), kr. 8.000.
4. Hundaeði (J07BG01), kr. 12.300.
5. Inflúensa (J07BB02), kr. 1.000.
6. Japönsk heilabólga (J07BA02), kr. 22.000.
7. Kólera (bóluefni til inntöku, J07AE01), kr. 4.600.
8. Lifrabólga A 720 ein. (J07BC02), kr. 3.850.
9. Lifrabólga A 1440 ein. (J07BC02), kr. 5.600.
10. Lifrabólga B (J07BC01), kr. 4.000.
11. Lifrabólga B, fyrir börn (J07BC01), kr. 3.100.
12. Lifrabólga A og B (J07BC20), kr. 7.500.
13. Lifrabólga A og B, fyrir börn (J07BC20), kr. 5.300.
14. Lungnabólga (J07AL01), kr. 3.800.
15. Mislingar ásamt hettusótt og rauðum hundum (J07BD52), kr. 3.400.
16. Mýgulúsótt (J07BL01), kr. 3.500.
17. Papillómaveirubóluefni (J07BM)
  - a. papillómaveirur manna, gerð 6, 11,16, 18 (J07BM01), kr. 30.200.
  - b. papillómaveirur manna, gerð 16,18 (J07BM02), kr. 23.000.
18. Stífkrampi og barnaveiki, fyrir fullorðna (J07AM51), kr. 1.300.
19. Taugaveiki (J07AP03), kr. 3.500.
20. Mænusótt, fyrir fullorðna (J07BF03), kr. 1.400.
21. Rótaveirusýking (J07BH01), kr. 12.700.

Gjöld skv. 1. mgr. skulu greiðast til viðbótar við komugjöld skv. 4. og 5. gr. Gjöldin skulu einnig greidd í heimahjúkrun. Ekkert gjald er greitt fyrir ungbarnavernd og heilsugæslu í skólum, sbr. 2. mgr. 4. gr. Í ungbarnavernd er ekki greitt gjald fyrir bólusetningar við stífkrampa, mænusótt, rauðum hundum og MMR (mislingar + hettusótt + rauðir hundar).

Auk komugjalda skv. 4. og 5. gr. skulu sjúkratryggðir, aðrir en börn yngri en 18 ára, greiða gjald fyrir aðra þjónustu en greinir í 1. mgr. sem hér segir:

1. Þungunarpróf, kr. 600.
2. Streptokokkarannsóknir, kr. 700.
3. Lyfjaleit í þvagi, kr. 1.900.
4. CRP (C-reaktíft prótein), kr. 800.
5. HbA1c (glýkósýlerað hemóglóbín), kr. 1.500.
6. Lykkja (T), kr. 7.200.
7. Hormónalykkja, kr. 23.300.
8. Foreldrafraeðsla, kvöldnámskeið, gildir fyrir báða foreldra, kr. 8.000.
9. Uppeldisnámskeið fyrir foreldra
  - a. Uppeldisnámskeið fyrir foreldra: Kr. 8.000 fyrir eitt foreldri, kr. 10.000 fyrir báða foreldra.
  - b. Uppeldis- og foreldrafærninámskeið fyrir foreldra barna með ADHD: Kr. 9.000 fyrir eitt foreldri og kr. 12.000 fyrir báða foreldra.
  - c. PMT foreldrafærninámskeið (fyrir foreldra barna með hegðunarerfiðleika): Kr. 15.000 fyrir eitt foreldri og kr. 20.000 fyrir báða foreldra.
  - d. Snillingarnir – færniþjálfunarnámskeið (samskipti, tilfinningastjórn, athygli o.fl.) fyrir 8-10 ára börn með ADHD: Kr. 7.000.

Gjöld samkvæmt þessari grein renna til reksturs heilsugæslustöðvar.

## 8. gr.

*Gjöld vegna krabbameinsleitar.*

Vegna krabbameinsleitar á heilsugæslustöðvum og hjá heimilislæknum (legstrok og mynd af brjóstum) skal sjúkratryggður greiða kr. 3.400 fyrir hverja komu.

Aldraðir 67 til og með 69 ára, sbr. þó 3. mgr. svo og sjómenn 60 til og með 69 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, sbr. 3. og 4. mgr. 17. gr. laga um almannatryggingar, greiða kr. 2.800.

Aldraðir 70 ára og eldri, öryrkjar, aldraðir 67 til og með 69 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs greiða kr. 1.700.

Gjöld samkvæmt þessari grein renna til Krabbameinsfélags Íslands vegna úrlesturs frumusýna, röntgenmynda og leitarstarfs.

## III. KAFLI

**Sjúkrahús.**

## 9. gr.

*Komugjöld.*

Fyrir komu og endurkomu á slysadeild og bráðamóttöku sjúkrahúsa skal sjúkratryggður greiða sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir almennt, kr. 4.900.
2. Aldraðir 67 til og með 69 ára, sbr. þó 3. tl. svo og sjómenn 60 til og með 69 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, sbr. 3. og 4. mgr. 17. gr. laga um almannatryggingar, kr. 4.000.
3. Aldraðir 70 ára og eldri, öryrkjar, aldraðir 67 til og með 69 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, kr. 2.500.
4. Börn yngri en 18 ára greiða ekkert gjald.
5. Börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna greiða ekkert gjald.

Fyrir komu og endurkomu á göngudeild sjúkrahúsa vegna þjónustu annarra en lækna skal sjúkratryggður greiða sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir almennt, kr. 2.500.
2. Aldraðir 67 til og með 69 ára, sbr. þó 3. tl. svo og sjómenn 60 til og með 69 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, sbr. 3. og 4. mgr. 17. gr. laga um almannatryggingar kr. 2.100.
3. Aldraðir 70 ára og eldri, öryrkjar, aldraðir 67 til og með 69 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, kr. 1.400.
4. Börn yngri en 18 ára og börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna greiða ekkert gjald, sbr. þó 3. og 4. mgr.

Sjúkratryggðir skulu, þrátt fyrir 2. mgr., taka þátt í kostnaði við iðjuþjálfun, sjúkrapjálfun og talþjálfun á sjúkrahúsum á sama hátt og þeir sem leita til þjálfara sem starfar samkvæmt samningi við Sjúkratryggingar Íslands, sbr. reglugerð nr. 721/2009, um þjálfun sem sjúkratryggingar taka til og hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði við þjálfun. Gjöld fyrir iðju-, sjúkra- og talþjálfun á sjúkrahúsum veita rétt til þjálfunarkorts frá Sjúkratryggingum Íslands.

Sjúkratryggðir skulu, þrátt fyrir 2. mgr., taka þátt í kostnaði við meðferð húðsjúkdóma veitta á sjúkrahúsi af öðrum en læknum á sama hátt og þeir sem leita til meðferðaraðila sem starfa samkvæmt samningi við Sjúkratryggingar Íslands, sbr. reglugerð nr. 1260/2007 um styrki vegna kostnaðar við meðferð húðsjúkdóma, veitta af öðrum en læknum.

Sjúkratryggðir almennt skulu greiða kr. 7.500 fyrir keiluskurðaðgerðir. Aldraðir 67 til og með 69 ára, sbr. þó næsta málslið svo og sjómenn 60 til og með 69 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, sbr. 3. og 4. mgr. 17. gr. laga um almannatryggingar, skulu greiða kr. 6.000. Aldraðir 70 ára og eldri, öryrkjar svo og aldraðir 67 til og með 69 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs skulu greiða kr. 2.500 fyrir keiluskurðaðgerðir. Börn yngri en 18 ára greiða ekkert gjald.

Sjúkratryggðir almennt skulu greiða kr. 7.500 fyrir kransæða- og hjartaþræðingu. Aldraðir 67 til og með 69 ára, sbr. þó næsta málslið svo og sjómenn 60 til og með 69 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, sbr. 3. og 4. mgr. 17. gr. laga um almannatryggingar, skulu greiða kr. 6.000. Aldraðir 70

ára og eldri, öryrkjar og aldraðir 67 til og með 69 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs skulu greiða kr. 2.500 fyrir kransæða- og hjartaþræðingu. Börn yngri en 18 ára greiða ekkert gjald.

Aldraðir sem njóta þjónustu dagvistar í tengslum við sjúkrahús skulu taka þátt í kostnaði af dagvistinni skv. 19. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra og gildandi reglugerð um daggjöld stofnana sem ekki eru á föstum fjárlögum.

Gjöld fyrir þjónustu skv. VI. kafla greiðast til viðbótar við komugjöld skv. 1. mgr., þó skulu komugjald og gjöld skv. VI. kafla takmarkast við það hámarksgjald sjúkratryggðs sem tilgreint er í VI. kafla.

Gjöld samkvæmt þessari grein skulu renna til reksturs sjúkrahúss.

10. gr.

*Gjald fyrir endurtengingu eggjaleiðara eftir ófrjósemisaðgerð.*

Fyrir endurtengingu eggjaleiðara eftir ófrjósemisaðgerð skal sjúkratryggður greiða kr. 200.000.

Gjald samkvæmt þessari grein rennur til reksturs sjúkrahúss.

#### IV. KAFLI

#### Sameiginleg ákvæði fyrir þjónustu í heilsugæslu og á sjúkrahúsum.

11. gr.

*Gjöld fyrir læknisvottorð í heilsugæslu og á sjúkrahúsum.*

Fyrir læknisvottorð á eyðublöðum Tryggingastofnunar ríkisins vegna lífeyrstrygginga eða bóta félagslegrar aðstoðar og á eyðublöðum Sjúkratrygginga Íslands vegna sjúkratrygginga eða slystrygginga skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir:

1. Ekkert gjald fyrir örorkuvottorð vegna lífeyrstrygginga (A og B), örorkuvottorð vegna slystrygginga (A), vottorð vegna fjárhagslegrar aðstoðar við fötluð og sjúk börn eða vottorð vegna endurhæfingarlífeyris.
2. Fyrir framhaldsvottorð vegna slystrygginga, kr. 460.
3. Fyrir læknisvottorð vegna slystrygginga (áverkavottorð), vegna beiðni um þjálfun, vegna öflunar hjálpartækja, vegna lengingar fæðingarorlofs, vegna hreyfihömlunar (uppbót vegna reksturs bifreiðar), vegna heimahjúkrunar, vegna umsóknar um lyfjaskírteini, vegna vistunar sjúklings erlendis (siglinganefnd), sjúkradagpeningavottorð eða skýrslu vegna ferðakostnaðar innanlands, kr. 920.
4. Fyrir læknisvottorð vegna umsóknar um styrk og uppbót til kaupa á bifreið fyrir fatlaða, kr. 920.

Fyrir önnur læknisvottorð en tilgreind eru í 1. mgr. skal innheimta gjöld sem hér segir:

1. Fyrir vottorð um fjarvistir nemenda úr skólum, kr. 460.
2. Fyrir vottorð vegna sjúkranuðs, kr. 920.
3. Fyrir vottorð um fjarvistir til atvinnurekenda, ónæmisaðgerðir og alþjóðaónæmisskírteini, heilsufar nemenda til skóla, leikskóla og sumarþéttu, undanþágu til bílbeltanotkunar, vegna veitingar ökuleyfis og endurgreiðslu ferðakostnaðar, svo sem ferðarofs, og til skattyfirvalda, kr. 1.400.
4. Fyrir vottorð vegna bóta úr slysa- og sjúkrasjóðum, umsókna um örorkubætur til lífeyris-sjóða, andláts (dánarvottorð), fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðar, kr. 2.000.
5. Fyrir vottorð vegna byssuleyfis, skóla erlendis, og um heilsufar eða vinnufærni vegna umhverfis eða atvinnu, þ.m.t. vegna atvinnuréttinda, kr. 4.050.
6. Fyrir vottorð til lögmanna og tryggingafélaga vegna sjúkdóma eða slysa, tryggingafélaga vegna líf- og sjúkdómatrygginga eða umsókna um örorkubætur, ættleiðingu, lögreglu, sýslumanna, vegna dvalar- og/eða atvinnuleyfa hér á landi og dvalar eða starfa erlendis skal miða við hversu langan tíma það tekur lækni að gera vottorðið og skal greiða kr. 3.450 fyrir hverjar byrjaðar 20 mínútur.

Gjöld fyrir vottorð samkvæmt þessari grein skulu renna til viðkomandi stofnunar.

V. KAFLI  
Sameiginleg ákvæði fyrir þjónustu utan sjúkrahúsa  
og á göngudeildum sjúkrahúsa.

12. gr.

*Gjöld fyrir sérfræðilæknishjálp.*

Fyrir hverja komu til sérfræðilæknis utan sjúkrahúsa og á göngudeild sjúkrahúsa, sbr. þó 10. og 13. gr., skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir, sbr. þó 16. gr.:

1. Sjúkratryggðir almennt, kr. 3.800 og til viðbótar 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er, þó að hámarki kr. 27.000.  
Fyrir komu til sérfræðings í augnlækningum til sjónmælingar vegna gleraugna greiða sjúkratryggðir almennt á aldrinum 18-70 ára fullt verð samkvæmt umsaminni gjaldskrá sérfræðinga við Sjúkratryggingar Íslands, sbr. þó 2. og 3. tölul. 1. mgr.
2. Aldraðir 67 til og með 69 ára, sbr. þó 3. tl. svo og sjómenn 60 til og með 69 ára sem njóta óskerts ellilífeyris sbr. 3. og 4. mgr. 17. gr. laga um almannatryggingar, kr. 3.000 og til viðbótar 1/3 af 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er, þó að hámarki kr. 27.000.
3. Aldraðir 70 ára og eldri, öryrkjar og aldraðir 67 til og með 69 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, kr. 1.400 og til viðbótar 1/3 af 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er, þó að hámarki kr. 27.000.
4. Börn yngri en 18 ára, 1/9 af gjaldi samkvæmt 1. tölul. 1. mgr., þó að lágmarki kr. 630 og að hámarki kr. 27.000, og ekkert gjald vegna komu til sérfræðilæknis á göngudeild sjúkrahúsa.
5. Börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna greiða ekkert gjald.

Með komu til sérfræðilæknis á göngudeild sjúkrahúsa skv. 1. mgr. er átt við ferliverk, þ.e. læknismeðferð sem unnt er að veita hvort sem er á læknastofum utan sjúkrahúsa eða á sjúkrahúsum og krefst ekki innlagnar á sjúkradeild nema í undantekningartilvikum. Sjúklingur greiðir gjald skv. 1. mgr. og gildir þá einu þótt næturdvöl kunní að reynast nauðsynleg í einstökum tilvikum.

Við komu skv. 1. tölul. 1. mgr. þar sem svæfingalæknir svæfir eða deyfir við aðgerð skurðlæknis skal sjúkratryggður greiða að hámarki kr. 27.000, í heild.

Þegar reikningur er gerður til Sjúkratrygginga Íslands fyrir sérfræðilæknishjálp skal draga greiðslu sjúkratryggðra frá umsömdu heildarverði. Ekki er gerður reikningur til Sjúkratrygginga Íslands vegna sérfræðilæknisþjónustu (ferliverk) sem veitt er á sjúkrahúsum nema sérstaklega hafi verið um það samið skv. IV. kafla laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar.

Með umsömdu og ákveðnu heildarverði, sbr. 1., 2. og 3. tölul. 1. mgr., er átt við það gjald sem samið hefur verið um í samningum Sjúkratrygginga Íslands við sérfræðilækna skv. IV. kafla laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar. Innifalinn í greiðslu sjúkratryggðra er kostnaður vegna hvers kyns einnota áhalda, umbúða og þess háttar.

Gjöld vegna þjónustu á göngudeild sjúkrahúsa skulu renna til reksturs sjúkrahússins.

13. gr.

*Gjöld vegna meðferðar og rannsókna við ófrjósemi.*

Fyrir meðferð hjá IVF Iceland, tæknifrjóvgun, skal sjúkratryggður greiða sem hér segir:

- |                                 | Glasafrjóvgun (IVF) | Smásjárfrjóvgun (ICSI) |
|---------------------------------|---------------------|------------------------|
| 1. Par sem ekki á barn saman:   |                     |                        |
| a. fyrsta meðferð               | kr. 173.355         | kr. 207.375            |
| b. önnur til fjórða meðferð     | kr. 97.440          | kr. 117.600            |
| c. fimmta meðferð eða fleiri    | kr. 323.715         | kr. 395.535            |
| 2. Par sem á eitt barn saman:   |                     |                        |
| a. fyrsta til fjórða meðferð    | kr. 255.990         | kr. 307.125            |
| b. fimmta meðferð eða fleiri    | kr. 323.715         | kr. 395.535            |
| 3. Par sem á fleiri börn saman: | kr. 323.715         | kr. 395.535            |

Inni í þessari greiðslu er kostnaður vegna nauðsynlegra rannsókna, heimsókna til sérfræðinga hjá IVF og lyfja, annarra en örvunarlyfja eggjastokka, en um greiðslu þeirra fer samkvæmt reglugerð um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði.

Greiðslur skulu skiptast þannig að í upphafi hverrar meðferðar skal greiða 20% af áætluðu heildargjaldi. Eftirstöðvar gjalds skal greiða þegar ákveðið hefur verið að framkvæma eggheimtu.

Fyrir aðrar rannsóknir sem ekki tengjast tæknifrjóvgunarmedferð skulu greiðslur fara skv. 12. gr. og VI. kafla.

## VI. KAFLI

### Sameiginleg ákvæði fyrir þjónustu á heilsugæslu, sjúkrahúsum og utan sjúkrahúsa.

14. gr.

*Gjöld fyrir rannsóknir, geisla- og myndgreiningar og beinþéttnimælingar.*

Fyrir hverja komu til rannsóknar á rannsóknastofu og vegna rannsóknar á sýni sem sent er til rannsóknar í rannsóknastofu, sbr. þó 10. og 13. gr., skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir, sbr. þó 16. gr.:

1. Sjúkratryggðir almennt, kr. 1.600.
2. Aldraðir 67 til og með 69 ára, sbr. þó 3. tl. svo og sjómenn 60 til og með 69 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, sbr. 3. og 4. mgr. 17. gr. laga um almannatryggingar, kr. 1.200.
3. Aldraðir 70 ára og eldri, öryrkjar svo og aldraðir 67 til og með 69 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, kr. 600.
4. Börn yngri en 18 ára, kr. 230.
5. Börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna greiða ekkert gjald.

Fyrir hverja komu til geisla- og myndgreiningar og beinþéttnimælingar skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir, sbr. þó 16. gr.:

1. Sjúkratryggðir almennt, 2.100 kr. og til viðbótar 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er, þó að hámarki kr. 27.000.
2. Aldraðir 67 til og með 69 ára, sbr. þó 3. tl. svo og sjómenn 60 til og með 69 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, sbr. 3. og 4. mgr. 17. gr. laga um almannatryggingar, kr. 1.700 og til viðbótar 1/3 af 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er, þó að hámarki kr. 27.000.
3. Aldraðir 70 ára og eldri, öryrkjar, aldraðir 67 til og með 69 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, kr. 800 og til viðbótar 1/3 af 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er, þó að hámarki kr. 27.000.
4. Börn yngri en 18 ára, 1/9 af gjaldi samkvæmt 1. tölul. 2. mgr., þó að lágmarki kr. 350 og að hámarki kr. 27.000.
5. Börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna greiða ekkert gjald.

Þegar reikningur er gerður til Sjúkratrygginga Íslands fyrir rannsóknir, geisla- og myndgreiningu skal draga greiðslu sjúkratryggðra frá umsömdu heildarverði. Ekki er gerður reikningur til Sjúkratrygginga Íslands vegna rannsókna, geisla- og myndgreininga og beinþéttnimælinga sem gerðar eru í heilsugæslu og á sjúkrahúsum nema sérstaklega hafi verið um það samið skv. IV. kafla laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar.

Með umsömdu og ákveðnu heildarverði, sbr. 1., 2. og 3. tölul. 2. mgr., er átt við það gjald sem samið hefur verið um í samningum Sjúkratrygginga Íslands við sérfræðilækna skv. IV. kafla laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, eða verð sem tilgreint er í fylgiskjali I með þessari reglugerð. Innifalið í greiðslu sjúkratryggðra er kostnaður vegna hvers kyns einnota áhalda, umbúða og þess háttar.

Gjöld vegna þjónustu á heilsugæslustöð og á sjúkrahúsum skulu renna til reksturs stofnananna.

VII. KAFLI  
**Afsláttarskírteini.**

15. gr.

*Réttur til afsláttarskírteinis.*

Þegar sjúkratryggður einstaklingur á aldrinum 18 ára til og með 66 ára hefur greitt kr. 27.000 á sama almanaksári vegna heimsókna á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis, vitjana lækna, innlagna á sjúkrahús, koma á slysadeild, göngudeild, dagdeild og bráðamóttöku sjúkrahúsa, koma til sérfræðilækna utan sjúkrahúsa og til sérfræðilækna á göngudeild sjúkrahúsa, rannsóknna á rannsóknastofum, geisla- og myndgreininga og beinþéttnimælinga skal hann eiga rétt á afsláttarskírteini.

Þegar aldraðir 67 til og með 69 ára, sbr. þó næsta málslið svo og sjómenn 60 til og með 69 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, sbr. 3. og 4. mgr. 17. gr. laga um almannatryggingar, hafa greitt kr. 21.500 og þegar aldraðir 70 ára og eldri, öryrkjar og aldraðir 67 til og með 69 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, hafa greitt kr. 6.500 á sama almanaksári vegna heimsókna á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis, vitjana lækna, innlagna á sjúkrahús, koma á slysadeild, göngudeild, dagdeild og bráðamóttöku sjúkrahúsa, koma til sérfræðilækna utan sjúkrahúsa og til sérfræðilækna á göngudeild sjúkrahúsa, rannsóknna á rannsóknastofu, geisla- og myndgreininga og beinþéttnimælinga, skulu þeir eiga rétt á afsláttarskírteini.

Börn undir 18 ára aldri með sama fjölskyldunúmer samkvæmt skilgreiningu Þjóðskrár skulu teljast einn einstaklingur. Þegar greiddar hafa verið á sama almanaksári kr. 8.100 vegna koma barna undir 18 ára aldri í sömu fjölskyldu til sérfræðilækna utan sjúkrahúsa, vitjana lækna, rannsóknna á rannsóknastofum, geisla- og myndgreininga og beinþéttnimælinga, eiga forsjármenn barnanna rétt á afsláttarskírteini vegna þeirra.

Greiðslur samkvæmt 7. gr., 8. gr., 3., 4. og 7. mgr. 9. gr., 10. gr., 11. gr., 13. gr. og 19. gr. veita ekki rétt til afsláttarskírteinis samkvæmt þessari grein.

16. gr.

*Gjöld þeirra sem eru með afsláttarskírteini.*

Gegn framvísun kvittana fyrir greiðslur skv. 4.-6. gr., 1.-2. mgr. og 5.-6. mgr. 9. gr., 12. og 14. gr. skulu Sjúkratryggingar Íslands afhenda sjúkratryggðum afsláttarskírteini skv. 15. gr., sem lækkar greiðslu vegna heilbrigðisþjónustu út almanaksárið. Kvittanir skulu auk nafns útgefanda bera með sér tegund þjónustu, fjárhæð, greiðsludag, nafn og kennitölu hins sjúkratryggða.

Hafi sjúkratryggður fengið afsláttarskírteini samkvæmt þessari grein skal hann greiða sem hér segir fyrir heilbrigðisþjónustu það sem eftir er almanaksársins:

1. Fyrir komu á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis skv. 4. gr. á dagvinnutíma:
  - a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 580.
  - b. Aldraðir 67 til og með 69 ára, sbr. þó c-lið svo og sjómenn 60 til og með 69 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, sbr. 3. og 4. tl. 17. gr. laga um almannatryggingar, kr. 500.
  - c. Aldraðir 70 ára og eldri, öryrkjar og aldraðir 67 til og með 69 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, kr. 400.
2. Fyrir komu á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis skv. 5. gr. utan dagvinnutíma:
  - a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 1.500.
  - b. Aldraðir 67 til og með 69 ára, sbr. þó c-lið svo og sjómenn 60 til og með 69 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, sbr. 3. og 4. mgr. 17. gr. laga um almannatryggingar, kr. 1.000.
  - c. Aldraðir 70 ára og eldri, öryrkjar, aldraðir 67 til og með 69 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, kr. 700.
3. Fyrir vitjun læknis skv. 1. mgr. 6. gr. á dagvinnutíma:
  - a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 1.600.
  - b. Aldraðir 67 til og með 69 ára, sbr. þó c-lið svo og sjómenn 60 til og með 69 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, sbr. 3. og 4. mgr. 17. gr. laga um almannatryggingar, kr. 1.000.
  - c. Aldraðir 70 ára og eldri, öryrkjar, aldraðir 67 til og með 69 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, kr. 700.
  - d. Börn yngri en 18 ára og börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna, greiða ekkert gjald.



4. Fyrir vitjun lækni skv. 2. mgr. 6. gr. utan dagvinnutíma:
  - a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 2.300.
  - b. Aldraðir 67 til og með 69 ára, sbr. þó c-lið svo og sjómenn 60 til og með 69 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, sbr. 3. og 4. mgr. 17. gr. laga um almannatryggingar, kr. 1.700.
  - c. Aldraðir 70 ára og eldri, öryrkjar, aldraðir til og með 69 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, kr. 900.
  - d. Börn yngri en 18 ára og börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna, greiða ekkert gjald.
5. Fyrir komu á slysadeild og bráðamóttöku sjúkrahúsa skv. 1. mgr. 9. gr.:
  - a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 2.500.
  - b. Aldraðir 67 til og með 69 ára, sbr. þó c-lið svo og sjómenn 60 til og með 69 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, sbr. 3. og 4. mgr. 17. gr. laga um almannatryggingar, kr. 2.000.
  - c. Aldraðir 70 ára og eldri, öryrkjar, aldraðir 67 til og með 69 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, kr. 900.
6. Fyrir komu á göngudeild sjúkrahúsa vegna þjónustu annarra en lækna skv. 2. mgr. 9. gr.:
  - a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 1.500.
  - b. Aldraðir 67 til og með 69 ára, sbr. þó c-lið svo og sjómenn 60 til og með 69 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, sbr. 3. og 4. mgr. 17. gr. laga um almannatryggingar, kr. 1.200.
  - c. Aldraðir 70 ára og eldri, öryrkjar, aldraðir 60 til og með 69 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, kr. 750.
7. Fyrir komu til sérfræðilækni utan sjúkrahúsa og til sérfræðilækni á göngudeild sjúkrahúsa skv. 12. gr.:
  - a. Sjúkratryggðir, kr. 1.500 + 1/3 af 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er, þó að hámarki kr. 27.000.
  - b. Aldraðir 67 til og með 69 ára, sbr. þó c-lið svo og sjómenn 60 til og með 69 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, sbr. 3. og 4. mgr. 17. gr. laga um almannatryggingar, 1/9 af gjaldi samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 12. gr., þó að lágmarki kr. 1.200 og að hámarki kr. 27.000.
  - c. Aldraðir 70 ára og eldri, öryrkjar, aldraðir 67 til og með 69 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, 1/9 af gjaldi samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 12. gr., þó að lágmarki kr. 700 og að hámarki kr. 27.000.
  - d. Börn yngri en 18 ára, 1/9 af gjaldi samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 12. gr., þó að lágmarki kr. 450 og að hámarki kr. 27.000 og ekkert gjald vegna komu til sérfræðilækni á göngudeild sjúkrahúsa.
8. Fyrir rannsóknir skv. 1. mgr. 14. gr.:
  - a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 800.
  - b. Aldraðir 67 til og með 69 ára, sbr. þó c-lið svo og sjómenn 60 til og með 69 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, sbr. 3. og 4. mgr. 17. gr. laga um almannatryggingar, kr. 500.
  - c. Aldraðir 70 ára og eldri, öryrkjar, aldraðir 67 til og með 69 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, kr. 300.
  - d. Börn yngri en 18 ára greiða ekkert gjald.
9. Fyrir geisla- og myndgreiningu og beinþéttmælingu skv. 2. mgr. 14. gr.:
  - a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 750 og til viðbótar 1/3 af 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er, þó að hámarki kr. 27.000.
  - b. Aldraðir 67 til og með 69 ára, sbr. þó c-lið svo og sjómenn 60 til og með 69 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, sbr. 3. og 4. mgr. 17. gr. laga um almannatryggingar, kr. 600 og til viðbótar 1/3 af gjaldi skv. 1. tölul. 2. mgr. 14. gr., þó að hámarki kr. 27.000.
  - c. Aldraðir 70 ára og eldri, öryrkjar, aldraðir 67 til og með 69 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, 1/9 af gjaldi skv. 1. tölul. 2. mgr. 14. gr., þó að lágmarki kr. 400 og að hámarki kr. 27.000.
  - d. Börn yngri en 18 ára greiða ekkert gjald.
10. Fyrir keiluskurðaðgerð skv. 5. mgr. 9. gr.:
  - a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 2.600.

- b. Aldraðir 67 til og með 69 ára, sbr. þó c-lið, svo og sjómenn 60 til og með 69 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, sbr. 3. og 4. mgr. 17. gr. laga um almannatryggingar, kr. 1.800.
  - c. Aldraðir 70 ára og eldri, öryrkjar, aldraðir 67 til og með 69 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, kr. 1.000.
11. Fyrir kransæða- og hjartaþræðingu skv. 6. mgr. 9. gr.:
- a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 2.600.
  - b. Aldraðir 67 til og með 69 ára, sbr. þó c-lið, svo og sjómenn 60 til og með 69 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, sbr. 3. og 4. mgr. 17. gr. laga um almannatryggingar, kr. 1.800.
  - c. Aldraðir 70 ára og eldri, öryrkjar, aldraðir 67 til og með 69 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, kr. 1.000.

Við komu skv. 7. tölul. 2. mgr. þar sem svæfingalæknir svæfir eða deyfir við aðgerð skurðlæknis skal sjúkratryggður greiða að hámarki kr. 27.000 í heild.

Heimilt er að ákveða að afsláttarskírteinishafar greiði sama vitjanagjald og aðrir en fá síðan mismuninn endurgreiddan gegnum sjúkratryggingar, gegn framvísun kvittunar læknis.

Gjöld sem greidd eru á heilsugæslustöð og sjúkrahúsi renna til reksturs stofnananna.

Vitjanagjald dregst frá samningsbundinni þóknun læknis fyrir vitjanir, sbr. og 6. gr.

## VIII. KAFLI

### Ýmis ákvæði.

17. gr.

#### *Sérreglur fyrir atvinnulausa.*

Einstaklingur sem verið hefur samfellt atvinnulaus í sex mánuði eða lengur samkvæmt staðfestingu Vinnumálastofnunar á rétt á heilbrigðisþjónustu á sömu kjörum og aldraðir 70 ára og eldri, öryrkjar, aldraðir 67 til og með 69 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs. Staðfestingu Vinnumálastofnunar skal endurnýja á þriggja mánaða fresti. Réttur til afsláttarskírteinis fer samkvæmt 1. mgr. 15. gr.

18. gr.

#### *Sérreglur fyrir líffæragjafa.*

Peir sem gefa líffæri eða fyrirhugað er að gefi líffæri eru undanþegnir öllum gjöldum samkvæmt reglugerð þessari vegna rannsókna og/eða meðferðar sem er í beinum tengslum við brottám líffæris eða fyrirhugað brottám líffæris.

19. gr.

#### *Gjald fyrir sjúkraflutninga.*

Fyrir sjúkraflutning á sjúkrahús og frá sjúkrahúsi skulu sjúkratryggðir greiða kr. 5.000.

20. gr.

#### *Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 1. mgr. 29. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, og 37. gr. laga nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu, öðlast gildi 1. janúar 2010. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 1204/2008 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

*Heilbrigðisráðuneytinu, 22. desember 2009.*

**Álfheiður Ingadóttir.**

*Berglind Ásgeirsdóttir.*

**Fylgiskjal I.**

Ákveðið heildarverð fyrir geisla- og myndgreiningar til viðmiðunar við útreikning á greiðsluhluta sjúklings fyrir komu á heilsugæslustöð og sjúkrahús þar sem ekki er um innlögn að ræða, sbr. 2. og 5. mgr. 14. gr. reglugerðar þessarar.

Flokkar	Einingar	Verð (180,25 kr./ein.)	Flokkar	Einingar	Verð
1. fl.	21	3.785	11. fl.	150	27.038
2. fl.	28	5.047	12. fl.	160	28.840
3. fl.	45	8.111	13. fl.	175	31.544
4. fl.	73	13.158	14. fl.	225	40.556
5. fl.	90	16.223	15. fl.	250	45.063
6. fl.	100	18.025	16. fl.	280	50.470
7. fl.	108	19.467	17. fl.	510	91.928
8. fl.	115	20.729	18. fl.	1100	198.275
9. fl.	138	24.875	19. fl.	1580	284.795
10. fl.	140	25.235			

- Einungis er gjaldfært fyrir einn flokk í hverri komu í flokkum 17 - 19 og er þá miðað við hæsta verðflokk þess sem gert er.
- Gjaldfært er sérstaklega fyrir hjartagangráða, stent og regnhlífur, a.ö.l. eru einnota vörur innifaldar í verðskrá.
- Við ómskoðun gildir einu hve mörg líffæri innan flokksins eru skoðuð, hámarksgreiðsla fyrir sjúklingakomu eru tveir flokkar.

Ef rannsókn er í 8. flokki er það hámarksgreiðsla fyrir ómun.

V.fl.	Ómfl.	Nr.	Heiti rannsóknar	Ein.	V.fl.	Ómfl.	Nr.	Heiti rannsóknar	Ein.
<b>1. Verðflokkur</b>				<b>21</b>	<b>3. Verðflokkur</b>				<b>45</b>
1		301-00	Epipharynx	21	2	6xx-32	Bein og liðir álagsrannsóknir, liggjandi eða standandi	28	
1		304-00	Mjúkpartar á hálsi/barki/skjaldkirtill	21	2	6xx-33	Bein og liðir - hornamæling	28	
1		401-00	Munnvatnskirtlar	21	2	611-00	Orthopantomografia	28	
1		600-09	Rannsókn á sýni	21	2	617-00	Leguákvörðun aðskotahluts í auga	28	
1		601-00	Cranium	21	2	626-10	Mjaðmagrind - skyggniaðstoð	28	
1		602-00	Sinuser	21	2	626-11	Mjaðmagrind rannsókn á skurðstofu	28	
1		603-00	Andlitsbein/nefbein	21	2	629-00	Hryggскеkkjurannsókn	28	
1		608-00	Neðri kjálki/kjálkaliðir	21	2	655-00	Lengdarákvörðun/hornamæling á útlimum	28	
1		609-00	Kjálkaliðir (bitrannsókn)	21					
1		620-00	Sternum	21					
1		621-00	Hálsiðir	21					
1		622-00	Brjóstliðir	21					
1		623-00	Lendarliðir	21	3	199-00	Aðrar aðgerðir ótaldar	45	
1		624-00	Rif	21	3	302-00	Talmeinafræðileg rannsókn	45	
1		625-00	Sternoclavicularliðir	21	3	320-07	Lungu/rekkjumynd	45	
1		626-00	Mjaðmagrind	21	3	399-00	Aðrar aðgerðir ótaldar	45	
1		627-00	Sacroiliacaliðir	21	3	443-00	Anal fistulografia	45	
1		628-00	Spjaldbein/rófubein	21	3	499-00	Aðrar aðgerðir ótaldar	45	
1		631-00	Axlari./viðbein/herðablað	21	3	511-00	Retrograd pyelografia	45	
1		632-00	Sérmynd af acromion, Bigliani	21	3	512-00	Antegrad pyelografia	45	
1		633-00	Upphandleggur	21	3	540-00	Grindarmál	45	
1		634-00	Olnbogi	21	3	599-00	Aðrar aðgerðir ótaldar	45	
1		636-00	Framhandleggur	21	3	600-36	Fistulografia	45	
1		637-00	Úlnliður	21	3	607-00	Dakrocystografia	45	
1		638-00	Hönd/fingur	21	3	656-00	Ákvörðun beinaldurs	45	
1		639-00	Mjaðmarliðir	21	3	699-00	Aðrar aðgerðir ótaldar	45	
1		641-00	Lærleggur	21	3	I	91x-00	Ómun höfuð og heili	45
1		642-00	Hnéliður	21	3	I	912-07	Ómun heili mobill	45
1		645-00	Fótleggur	21	3	I	912-11	Ómun heili á skurðstofu	45
1		646-00	Ökkli	21	3	II	92x-00	Ómun hjarta og brjóstholssæðar	45
1		648-00	Fótur/hæll/tær	21	3	III	93x-00	Ómun háls og brjósthol	45
<b>2. Verðflokkur</b>				<b>28</b>	3	IV	94x-00	Ómun kviðarhol og kviðarholslíffæri	45
2		320-00	Lungu	28	3	IV	94x-07	Ómun kviðarhol og kviðarholslíffæri (mobil)	45
2		320-09	Lungu/rekkjumynd á röntgendeild	28	3	IV	94x-11	Ómun kviðarhol og kviðarholslíffæri á skurðstofu	45
2		460-00	Kviðarhol, yfirlit	28					
2		501-00	Þvagfærayfirlit	28					

V.fl.	Ómfl.	Nr.	Heiti rannsóknar	Ein.	V.fl.	Ómfl.	Nr.	Heiti rannsóknar	Ein.
3	V	95x-00	Ómun þvagfæri, eistu og nýrnahettur	45	8		132-00	Thoracal/Cervical/Total myelografia	115
3	V	95x-07	Ómun þvagfæri - mobil	45	8		304-05	Mjúkpartar á hálsi m/ástungu	115
3	V	95x-11	Ómun þvagfæri á skurðstofu	45	8		320-05	Lungu - ástunga/sýnistaka	115
3	VI	960-00	Ómun bein - liðir - liðþófar	45	8		350-00	Bronchografia	115
3	VI	961-00	Ómun mjúkparta á útlimum	45	8		450-50	Gallvegir, skipt um slöngu	115
3	VI	962-00	Ómun útlímaæðar	45	8		460-05	Kviðarhol, yfirlit m/ástungu	115
3	VI	963-00	Ómun mamme	45	8		463-00	Ductografia choled. (ERC)	115
3	VI	964-00	Ómun mjúkpartar aðrir	45	8		464-00	Ductografia pancreas (ERP)	115
3	VII	97x-00	Ómun leg, eggjaleiðarar, eggjastokkar og fóstur	45	8		590-50	Skipt um nefrostomiuslöngu	115
				<b>73</b>	8		685-00	Bláæðarannsókn á handlegg	115
				<b>73</b>	8		688-00	Lymfografia	115
<b>4. Verðflokkur</b>				<b>73</b>	8		6xx-05	Ástunga/sýnataka	115
4		320-10	Lungu - skyggnaaðstoð	73	8	VIII	9xx-05	Ástunga eða sýnataka	115
4		420-00	Magi	73					<b>138</b>
4		430-00	Mjógirni	73	<b>9. Verðflokkur</b>				
4		450-00	Gallvegir um dren	73	9		8xx-02	TS-rannsókn án og með skuggaefni/fjölfasa	<b>138</b>
4		453-00	Gallvegir í aðgerð	73	9		896-00	TS-dental tvöföld vegna titanium implantationar	<b>138</b>
4		460-10	Kviðarhol, skygging	73					<b>140</b>
4		501-10	Þvagfæri, skygging	73	<b>10. Verðflokkur</b>				
4		586-00	Cavemografia	73	10		320-06	Lungu - ástunga/dren	140
4		589-00	Bláæðarannsókn, aðrar æðar ótaldar	73	10		460-06	Kviðarhol - ástunga/dren	140
4		6xx-35	Skuggaefnisrannsókn á liðum - artrografia	73	10		6xx-06	Ástunga/dren	140
4		600-10	Skygging	73	10	VIII	9xx-06	Ómstyrð ástunga/dren	140
4		600-38	Rannsókn á líki	73	<b>11. Verðflokkur</b>				<b>150</b>
4		800-77	Plönun/eftirhleðslu	73	11		Mxx-00	Segulómrannsóknir án skuggaefnisgjafar	150
4		821-04	TS-háls hryggur með skuggaefni í mænugang (myelogr.)	73	11		Mxx-60	Segulómun - æðaskoðun án skuggaefnisgjafar	150
4		822-04	TS-brjósthryggur m/skuggaefni í mænugang (myelogr.)	<b>73</b>	<b>12. Verðflokkur</b>				<b>160</b>
4		823-04	TS-lendarhryggur með skuggaefni í mænugangi (myelogr.)	<b>73</b>	12	VIII	9xx-62	Æðaómskoðun án skuggaefnisgjafar/flæðisrannsóknir - báðum megin	<b>160</b>
4	VIII	9xx-01	Ómun m/skuggaefni	<b>73</b>	13		725-00	Ísotóparannsókn heilaskann	<b>175</b>
4		8xx-00	TS-rannsókn án skuggaefnisgjafar	<b>90</b>	13		734-03	Ísotóparannsókn beinayfirlit - SPECT	<b>175</b>
<b>5. Verðflokkur</b>				<b>90</b>	13		783-00	Æviskeið rauðra blóðkorna (red cell survival, RCS)	<b>175</b>
5	VIII	9xx-60	Æðaómskoðun án skuggaefnisgjafar/flæðisrannsóknir - öðrum megin	90	13		784-03	Ísotóparannsókn lifur/milta (SPECT)	<b>175</b>
<b>6. Verðflokkur</b>				<b>100</b>	13		715-00	Nýrnabarkar og safnkerfisskann (gluco eða dtra/dmsa)	<b>175</b>
6		402-00	Sialografia	100	13		720-00	Nýrnasafnkerfisskann (dpt. hippuran)	<b>175</b>
6		410-00	Vélinda	100	13		721-00	Nýru, Króm-EDTA-clearance (51-CR)	<b>175</b>
6		431-00	Mjógirni I - tvíkontrast (sondupassage)	100	13		734-00	Ísotóparannsókn beinayfirlit	<b>175</b>
6		440-00	Ristill	100	13		735-00	Ísotóparannsókn lungum	<b>175</b>
6		441-00	Ristill - tvíkontrast	100	13		736-00	Lungu (loftvegir)	<b>175</b>
6		442-00	Defecografia	100	13		740-00	Ísotóparannsókn munnvatnskirtlar	<b>175</b>
6		449-00	Herniografia	100	13		741-00	Hjartavöðvaskann (thallium) (einungis í hvíld)	<b>175</b>
6		530-00	Urethrocystografia	100	13		743-00	Ísotóparannsókn myocardium	<b>175</b>
6		531-00	Mictionsurethrocystografia	100	13		750-00	Nýrnabarkarskann (dmsa)	<b>175</b>
6		533-00	Vesiculografia	100	13		755-00	Ísotóparannsókn thyroidea	<b>175</b>
6		534-00	Rannsókn á Brickersblöðru (loopografia)	100	13		762-00	Blóðrúmmál (rauð blóðkorn, 51-Cr)	<b>175</b>
6		560-00	Hysterosalpingografia	100	13		763-00	Thrombosugreining (isotopaflebografia)	<b>175</b>
6		686-00	Ganglimsplebografia	100	13		766-00	Eistnaskann	<b>175</b>
<b>7. Verðflokkur</b>				<b>108</b>	13		773-00	Ísotóparannsókn gallvegir (HIDA)	<b>175</b>
7		8xx-01	TS-rannsókn með skuggaefnisgjöf	108	13		779-00	Táragöng	<b>175</b>
7		869-33	Tölvusneið - mjaðmargrind + hornamæling	108	13		784-00	Ísotóparannsókn lifur/milta	<b>175</b>
7		870-33	TS-fótleggur + hornamæling	108	13		787-00	Maga-vélinda refluxskann	<b>175</b>
7		895-00	TS-dental einföld vegna titanium implantationar	108					
<b>8. Verðflokkur</b>				<b>115</b>					
8		510-00	Þvagfærarannsókn með skuggaefni, urografia	115					
8		131-00	Lumbal myelografia	115					

V.fl.	Ómfl.	Nr.	Heiti rannsóknar	Ein.	V.fl.	Ómfl.	Nr.	Heiti rannsóknar	Ein.
13		788-00	Ísótóparannsókn magatæming patologískt	175	17		170-00	Carotis angiografia	510
13		789-00	Magatæming (föst fæða)	175	17		171-00	Carotis interna angiografia	510
13		791-00	Meltingarfærablæðingarskann með sulfúr colloid	175	17		172-00	Sérþræðing á carotis externa ang.	510
13		792-00	Meckelscann	175	17		173-00	Arteriografia aa. vertebr.	510
13		793-00	Ísótópacystografia (MUCG)	175	17		174-00	Aorta-cervical angiografia	510
13		711-00	Ofstarfsemi skjaldkirtils meðferð með I31-I	175	17		175-00	Superselectiv angiografia	510
13		785-00	Schillingspróf I	175	17		176-00	Spinal angiografia	510
13		786-00	Schillingspróf II	175	17		180-00	Orbital flebografia	510
13		778-00	Beinaskann 3 fasa	175	17		181-00	Jugularis flebografia	510
				225	17		182-00	Spinal flebografia	510
				225	17		195-00	Deyfing á ganglion semilunare (Gasser)	510
14		8xx-61	Tölvusneiðmyndir - æða- skoðun	225	17		372-00	Thoracal aortografia	510
14	VIII	9xx-61	Æðaómskoðun með skuggaefnisgjöf/flæðis- rannsókn	225	17		376-00	Æðarannsókn hálslíffæra (t.d. skjaldkirtils)	510
				250	17		377-00	Þræðing á bronchial æðum	510
				250	17		382-00	Skuggaefnisinnþæling í lungnaslagæð	510
15		704-00	Shuntfunction (ventriculo peritoneal eða önnur)	250	17		383-00	Thoracal cavografia	510
15		709-00	Skjaldkirtilsupptaka og scan	250	17		395-00	Non-invasiv raffífelísfræðileg rannsókn	510
15		710-00	Skjalkirtilskrabbamein, meðferð með I31-I	250	17		410-40	Vélinda - útvíkkun	510
15		718-00	Ísótóp-lifur og lifrablóðflæði	250	17		440-40	Ristill - útvíkkun	510
15		726-00	Cisternografia	250	17		470-00	Kviðarholsæðar - inndæling í aorta	510
15		728-00	Mænuvökvaeki	250	17		471-00	Kviðarholsæðar, sérþræðing	510
15		737-00	Hjartaskann (muga) (blood pool) án álags	250	17		480-00	Cavografia inf. með v.iliaca	510
15		742-00	Hjartavöðvaskann (thallium) með álagi	250	17		498-00	Víkkun þrengsla í vélinda	510
15		744-00	Ísótóparannsókn liðir	250	17		570-00	Æðarannsókn á æðum í mjáðmargrind	510
15		745-00	Liðbólga, meðferð með 90-Y	250	17		571-00	Sérþr. í æðar grindarholslíffæra	510
15		747-00	Bris	250	17		573-00	Renal aortografia	510
15		748-00	MIBG (pheochromocytoma o.fl.) með I31-I	250	17		574-00	Nephroangiografia	510
15		754-00	Ísótóparannsókn heila með Ceretec	250	17		576-00	Nýrnahettuslagæðar, sérþræðing	510
15		756-00	Parathyroid kirtlar	250	17		577-00	Sérþræðing í Art. testicularis/ovarica	510
15		757-00	Nýrnahettur	250	17		578-00	Slagæðarannsókn á ígræddu nýra	510
15		761-00	Ísótóparannsókn beinmergur	250	17		579-00	Æðarannsókn, aðrar æðar ótaldar	510
15		765-00	Lymfueitlar	250	17		580-00	Flebografi á renalis	510
15		767-00	Æxlisskann með gallium eða jóð I31	250	17		581-00	Nýrnabláæðar, sérþræðing og blóðsýni tekin	510
15		768-00	Nýrnaskann með lasix	250	17		582-00	Flebografia af gl. supraren.	510
15		774-00	Gallvegir með Kinevac eða eftir fitumáltíð	250	17		584-00	Sérþræðing í vena spermatica	510
15		775-00	Frásog á gallsýru í þörmum (SeHCAT, 75-Se)	250	17		584-43	Lokun á vena spermatica (embolisation)	510
15		776-00	Beinaskönnun, þrífasa + tvífasa (liðir)	250	17		585-00	Bláæðarannsókn grindarholslíffæra	510
15		777-00	Beinaskönnun, tvífasa	250	17		590-00	Ástunga á nýrnaskjóðu (percutan nefropyelostom)	510
15		781-00	Polycytaemia vera, meðferð	250	17		592-52	Stungið á blöðru í nýra (cystupunction) - stent	510
15		782-00	Æviskeið rauðra blóðkorna	250	17		593-00	Stungið á blöðru í nýra (cystupunction)	510
15		790-00	Meltingarfærablæðingarskann með rauðum blóðkornum	250	17		675-00	Slagæðarannsókn á handlegg	510
15		795-00	Æxlisskann með monoclonal antibodies	250	17		676-00	Ganglímangiografia	510
15		796-00	Sýkingarskann með merktum hvítum blóðkornum	250	17		677-00	Aorto-femoral angiografia	510
15		797-00	Sýkingarskann með gallium	250	17		679-00	Rannsókn annarra slagæða	510
15		798-00	Skjaldkirtlskrabbamein, meinvarpaleið I31-I	280	17		729-00	Basal ganglia (BETA-CIT- 123-I)	510
				280	17		8xx-05	Tölvusneiðmyndastýrð ástunga - sýnistaka	510
				280	17		8xx-06	Tölvusneiðmyndastýrð ástunga/dren	510

Nr. 1078

22. desember 2009

V.fl.	Ómfl.	Nr.	Heiti rannsóknar	Ein.	V.fl.	Ómfl.	Nr.	Heiti rannsóknar	Ein.
17	Mxx-05		Segulómstýrð ástunga/sýnataka	510	18		780-00	Æxliskönnun (Octreotide, 111-In)	1100
17	Mxx-06		Segulómstýrð ástunga/dren	510	<b>19. Verðflokkur</b>				
<b>18. Verðflokkur</b>					19		758-00	Beinameinvörp, meðferð með 89-Sr (Metastron)	1580
18	746-00		MIBG (pheochromocytoma o.fl.) með 123-I	1100					

---

B-deild – Útgáfud.: 30. desember 2009